

27.11.2019

Til minnis vegna samnings við ÍBR

Í framhaldi af umræðum á síðasta fundi MÍT á samningi milli ÍBR og Reykjavíkurborgar eru hér samandregnar nýjungar eða breytingar á samningum.

- Fyrir 15. janúar eða um leið og fjárhagsáætlun liggur fyrir gefur ÍBR út greiðslufirlit komandi/yfirstandandi árs til handa þeim félögum sem þiggja styrki samkvæmt samningi þessum. Þar koma fram upphæðir þeirra styrkja sem þeim verður úthlutað og helstu atriði sem félögin þurfa að standa skil á samkvæmt samningi þessum til að fá greiðslur.
- Hverfisfélag er svæðisbundið félag, sem á eða hefur fengið úthlutað ákveðnu svæði í Reykjavíkurborg og stundar meginhluta starfsemi sinnar þar og í því hverfi. Gert er ráð fyrir, að félagið eigi, eða hafi aðgang að íþróttasvæði og íþróttahúsi í hverfinu.
- Félagið stundi a.m.k. 3 íþróttagreinir, þ.m.t. minnst tvær hópíþróttir. Allar íþróttagreinarnar skulu vera öllum opnar í samræmi við aldurs- og kynflokkun.
- Félagið sinni barna- og unglingastarfi grunnskólabarna í a.m.k. 3 íþróttagreinum (þar af minnst tvær vinsælar hópíþróttir) sem uppfylla kröfur um deild. Félagið haldi uppi virkri starfsemi allt árið.
- Deild með eina íþróttagrein hefur virkt barna- og unglingastarf fyrir drengi og stúlkur á grunnskólaaldri eftir því sem greinin og aðrar aðstæður gefa tilefni til. Deild sem hefur minna en 20 virka og fullgilda iðkendur á grunnskólaaldri getur ekki talist með virkt barna- og unglingastarf.

Með virku starfi er átt við:

- að sérstaklega sé boðið upp á aðstöðu og þjálfun fyrir alla aldurshópa á grunnskólaaldri og tekið þátt í opinberum mótum eða viðburðum í viðkomandi grein
  - að boðið sé upp á sambærilega aðstöðu og þjálfun fyrir bæði kyn
  - að starfsemi allra aldurshópa sé í boði a.m.k. 6 mánuði á ári
  - að innheimt séu æfinga- eða félagsgjöld af iðkendum
- Á samningstímanum munu borgaryfirvöld og ÍBR skoða sérstaklega atriði eins og lenging æfingatímabils, hlutverk íþróttafulltrúa, þjálfarakostnað félaganna og frístundaakstur í hverfum. Einnig verður styrktarkerfið í heild sinni endurskoðað.
  - Mótuð verður ný stefna í íþróttamálum í Reykjavík 2020-2030. Þau verkefni sem þar koma fram verða unnin í samráði við ÍBR og ÍTR.

- ÍBR og íþróttafélögin skulu sjá til þess að allir njóti jafnra tækifæra til að stunda og starfa við íþróttir án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. ÍBR og íþróttafélögin eiga einnig að tryggja öryggi og velferð iðkenda og annarra sem að íþróttastarfinu koma. Þau skulu hafa virka jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun til að fylgja eftir stefnunni. ÍBR og íþróttafélögin skulu fylgja siðareglum og hegðunarviðmiðum, m.a. reglum til að sporna við kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi í íþróttum, mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.

Íþróttafélögin skulu bjóða uppá fjölbreytt starf og móti sér verkferla við móttöku á iðkendum af erlendum uppruna.

Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur, siðareglur og verkferla, og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim við framkvæmd hins styrkta verkefnis.

Á samningstímanum verður unnið að siðamálum þar sem íþróttafélögin tilnefna tvo fulltrúa sem aðstoða í málaflokknum innan hvers félags.

Verði gerð úttekt á stöðu þessara mála á samningstímanum veiti íþróttafélögin fúslega allar upplýsingar sem á þarf að halda.